

269. fundur 11. okt. 2007

**Fundargerð 269. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 11. október 2007 kl. 15:00.**

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5 a, Reykhólum.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíður að stærð.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Egill Sigurgeirsson, Karl Kristjánsson, Rebekka Eiríksdóttir, Sveinn Ragnarsson og Óskar Steingrímsson, fundarritari.

Gústaf Jökull setti fund og bauð menn velkomna.

Dagskrá:

Fundargerðir:

1. Fundargerð 268. fundar hreppsnefndar 13. september 2007. Samþykkt.
2. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 10. október 2007. Samþykkt.

Til afgreiðslu:

1. Erindi dags. 26. sept. 2007 frá Flateyjarferðum ehf varðandi byggingu húss fyrir gistingu í Flatey. Ákveðið að leita umsagnar Umhverfisstofnunar um málið.

Til kynningar:

1. Bréf dags. 25. sept. 2007 frá Landsskrifstofu Staðardagskrár 21 á Íslandi varðandi ráðgjöf vegna Staðardagskrár 21. Lagt fram til kynningar og bréfið sent umhverfisnefnd.
2. Bréf dags. 10. september 2007 um samstarf lögreglunnar á Vestfjörðum og sveitarfélaga. Lagt fram til kynningar.
3. Afrit bréfs dags. 28. sept 2007 frá Íslandspósti hf til Póst- og fjarskiptastofnunar með ósk um fækkun dreifingardaga út frá Króksfjarðarnesi og afrit bréfs dags. 1. okt. 2007 frá síðarnefndu til íbúa nokkurra bæja í Reykhólahreppi í hverju þeim er gefinn kostur á að koma athugasemdum að. Sveitarstjórn mótmælir harðlega allri fyrirhugaðri skerðingu á pósthjónustu í sveitarfélaginu vestan Bjarkalundar og krefst þess að áfram verði borin út póstur þar fimm daga vikunnar eins og verið hefur. Sveitarstjóra falið að koma mótmælum og athugasemdum sveitarstjórnar til Póst- og fjarskiptastofnunar.

Önnur mál.

1. Fyrirspurn dags. 9. okt. 2007 frá Guðmundi Ólafssyni um stefnu sveitarfélagsins í aðgengi fyrir fatlaða við byggingar í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn tekur undir ábendingar í bréfinu og mun vinna að endurbótum eftir því sem kostur er.
2. Kauptilboð í Vogaland. Tilboðsgjafa bennt á að snúa sér til Fasteignamiðstövarinnar með tilboð sitt.
3. Tölvupóstur dags. 9. okt. 2007 frá Steinari Pálmasynti f.h. Gistiheimilisins Álfталands með ósk um að fá Maríutröð 5a keypta. Engin áform eru uppi um að selja Maríutröð 5a.
4. Kaup sveitgarfélagsins á húsnæði fyrir slökkviliðið. Óskað hefur verið eftir því að fá Suðurbraut 5 keypta og svarfrestur veittur til 19. október 2007 og vísast í tillögu Egils dags. 9. maí 2007.
5. Menningarmál. Hugmynd hefur vaknað um að fá leiksýninguna "Pabbann" á Reykhóla í nóvember n.k. Rebekku valið að vinna í málinu.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl.: 18:53.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)
Egill Sigurgeirsson (sign)
Karl Kristjánsson (sign)
Rebekka Eiríksdóttir (sign)
Sveinn Ragnarsson (sign)
Óskar Steingrímsson (sign)